

Mál nr. 57/2010

Ár 2011, þriðjudaginn 11. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 57/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 14. des 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin og rakkinn hefðu verið með gild augnvottorð né gild hnéskeļjavottorð við pörun sem samkvæmt pörunarvottorði gat hafa farið fram 30. júlí 2010 en ekki er vitað nákvæmlega hvaða dag pörun fór fram. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 16. desember og henni gefinn frestur til að andmæla til 13. janúar 2011. Svarbréf barst ekki og var send ítrekun til kærðu dagsett 19. janúar. Svarbréf dags. 25. janúar barst og var það sent til kæranda X með bréfi dags. 1. febrúar. Kærandi X sá ekki tilefni til að svara efnislega og óskaði eftir að málið yrði unnið áfram. Í framhaldinu boðaði siðanefnd til sáttafundar þann 8. mars með ábyrgðarpósti. Haldinn var símafundur en ekki tókust sættir. Þar sem nefndin taldi að öll gögn um málið lægu fyrir og þau sjónarmið sem máli skiptu væru komin fram, þá var málið tekið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Í kringum 30. júlí 2010 var XX pöruð við rakkann YY. Um er að ræða hunda af tegundinni miniature pincher. Kærandi X telur að kærða Y sem er eigandi tíkarinnar og rakkans hafi gerst brotlegur við þær reglur sem koma fram um skráningu í ættbók þar sem tíkin og rakkinn voru hvorug með gild augnvottorð né hnéskeļjavottorð við pörunina. Tíkin hafði ekki náð tveggja ára aldri þegar pörun fór fram. Með kærinni fylgdi pörunarvottorð án dagsetningar pörunar en dagsetning gotsins er 30.09.2010 má áætla að pörun hafi farið fram í kringum mánaðarmótin júlí ágúst 2010. Hundarnir voru augnskoðaðir 20. nóvember 2010. Enginn merki um augnsjúkdóma fundust í dýrunum. Í andsvörum kærðu Y ber hún því við að ekki hafi verið ætlunin að para hundana saman. Um slysgot verið að ræða. Kærða Y viðurkennir að hafa ekki kynnt sér grundvallarreglur HRFÍ varðandi sérdeildir um hvaða vottorð hundarnir þyrftu að hafa fyrir pörun og um aldur undaneldisdýra við pörun.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gilt vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina miniature pincher að augnvottorð megi ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Hnéskeļjavottorð frá dýralækni þarf samkvæmt reglunni að liggja fyrir við pörun. Í málinu liggur fyrir að þegar pörunin átti sér stað voru hvorki tíkin né rakkinn með gild augnvottorð né hnéskeļjavottorð. Er þetta ágreiningslaust. Auk þess sem tíkin hafði ekki náð tveggja ára aldri enda gýtur tíkin áður en hún nær tilskildum aldri. Samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn ber félagsmanni að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað hafði ekki verið veitt nein undanþága frá grundvallarreglum fyrir félagsmenn um breytingar á lágmarksaldri tíka af tegundinni minature pincher fyrir pörun. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ Reglur sem settar eru með dýravernd að leiðarljósi.

Kærða Y hefur því gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn og reglur sérdeilda varðanda tegundina um augnskoðun, hnéskeljavottorð og aldur tíkar við pörun.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotsins. Hvorki hundurinn né tíkin voru með gild augnvottorð né hnéskeljavottorð sem skýlaust eiga að liggja fyrir við pörun. Að sögn kærðu Y var um slysgot að ræða en kærða Y hefur ekki þrætt fyrir að það væri á hennar ábyrgð að gæta að hundum sínum. Enda þótt bæði hundurinn og tíkin hafi ekki verið með gild augnvottorð, hnéskeljavottorð og aldur tíkar við pörun var í kringum 20 mánaða eru sakir ekki nægilega alvarlegar til að beita harðari viðurlögum en áminningu.

IV. Niðurstaða

Kærða Y teljast hafa gerst brotlegar við grein 2.6 og 3.3 í Grundvallarreglum HRFÍ, og samkv. reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. Kærða Y er áminnt.

f.h. siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir